

Ed. 941. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, VI, JK, EgJ).

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

15.1 Árlega skal verja sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs.

15.2 Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, sem samið er og flutt af meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar, er fylgifrumvarp með stjórnarfrumvarpi um verslun ríkisins með áfengi og stjórnarfrumvarpi um gjöld af tóbaksvörum. Skv. ofangreindum frumvörpum, verði þau að lögum, fellur einkaréttur ríkis til verslunar með tóbak niður frá og með 1. janúar n. k. Eins og kunnugt er skal skv. 15. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, verja 2% af brúttósölutekjum ÁTVR til tóbaksvarnastarfs. Ljóst er að um leið og ríkið missir einkasölurétt sinn á tóbaki verður mörkun fjárframlaga til tóbaksvarna ekki komið við með þessum hætti. Af þessum sökum er í frumvarpi þessu gerð tillaga um að 0,5% af tekjum ríkisins af tóbaksgjaldi, sbr. 1. gr. frumvarps til laga um gjöld af tóbaksvörum, verði varið til tóbaksvarna. Miðað við áætlaðar tekjur af tóbaksgjaldi á verðlagi þessa árs næmi árlegt framlag til tóbaksvarna um 2,85 m. kr. Fjárhæð þessi er sambærileg þeirri fjárhæð sem varið er til tóbaksvarna skv. gildandi lögum. Frumvarpi þessu er m. ö. o. ætlað að tryggja að fjárframlög til tóbaksvarna verði með sama hætti og nú tíðkast þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem framangreind frumvörp fela í sér.